

IV. **Skoðun vöru** (sbr. reglugerð með innflutningi plantna o. fl., **20**
þegar heilbrigðisvottorð vantar) kr. 35.00–130.00 16. febr.

V. **Ofangreint verð** miðast við, að rannsókn fari fram í Atvinnudeild Háskólans.
Verði skoðun á vöru, gróðri o. s. frv. að fara fram utan Atvinnudeildar, skal
reikna útlagðan ferðakostnað og kaup sérfræðings.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. apríl 1955, og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans
annast, nr. 218 21. desember 1951.

Atvinnuáráðuneytið, 16. febrúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

21

17. febr.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurböfn, nr. 47 8. apríl 1949.

1. gr.

8. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Ekki má kasta í höfnina kjölfestu, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi,
vírum, vöruleifum, umbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað, sem
hafnarstjóri vísar til.

Ekki má láta renna í höfnina oliur eða vatn mengað olíum.

Þegar olía er látin í skip eða tekin úr því, skal þess gætt, að ekki renni neitt í
höfnina, á bryggjur eða á skipsþilfar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga
að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 17. febrúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.